

Umbótaáætlun Borgarholtsskóla í kjölfar ytri úttektar 2018.

15. nóvember 2018

Inngangur

Umbótaáætlunin er byggð á skýrslunni „Borgarholtsskóli - Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti“, útgefinni af Gát sf. 2018 og könnun Gallup, „Stofnun ársins 2018“. Þess ber að geta að meginuppistaðan í skýrslu Gát sf. eru gögn unnin af gæðaráði Borgarholtsskóla fyrir sjálfsmatsskýrslu skólans. Ábendingar sem fram koma í skýrslu Gát sf eru hafðar að leiðarljósi við gerð þessarar umbótaáætlunar.

Rétt er að geta þess að úttekt Gát sf átti sér stað mitt í innleiðingu mikilla breytinga á innra starfi Borgarholtsskóla sem tekur til margra þátta í skólastarfinu svo sem afnáms formlegs prófatíma í lok anna, innleiðingar á nýju skipuriti og endurskoðun námskráa. Í upphafi haustannar 2017 var ákveðið að hverfa alfarið frá hefðbundnum lokaprófum og taka þess í stað upp leiðsagnarmat. Undirbúningur undir þessa breytingu hafði farið fram í ýmsum vinnuhópum á vordögum 2017. Önnur stór breyting var innleidd skömmu fyrir úttektina og sem snertir alla nemendur og starfsmenn skólans var útvistun á allri þjónustu við tölvukerfi skólans en sú breyting tók gildi 1. nóvember 2017. Þessar breytingar eiga sér ekki stað á einni nóttu og er óhjákvæmilegt að einhverjir hnökur verði þegar um er að ræða á annað þúsund notendur. Reiknað er með að nýtt skipurit og nýjar áherslur í þjónustu verði alfarið komnar í gagnid á árinu 2019. Fótspor þessara breytinga má sjá víða í úttektarskýrslu Gát sf.

Nýtt skipurit tók gildi frá og með upphafi skólaárs 2017 og með því voru stöður sex kennslustjóra lagðar niður og fjórar stöður sviðsstjóra komu í staðinn auk þriggja deildarstjóra. Einnig var fjölgað í hópi fagstjóra úr níu í þrettán og stöðugildi við náms- og starfsráðgjöf aukin um 25% auk fleiri breytinga til að bæta þjónustu við nemendur.

Umbótaáætlun

Hér á eftir eru dregnir fram þeir þættir sem úttektaraðilum Gát sf. fannst nauðsynlegt að teknir yrðu til sérstakrar skoðunar og tíundað hvernig skólinn ætlar sér að færa þá til betri vegar. Þættirnir eru númeraðir eins og í skýrslu Gát sf. Rétt er að geta þess að tveir sjálfsmatshópar sem settir voru á laggirnar innan skólans af fimm skiluðu ekki skriflegu álit heldur einungis einkunn. Hinir hóparnir þrír skiluðu, auk einkunna, skriflegum rökstuðningi við hvern lið í matinu. Þar sem niðurstöður hópa list- og starfsnámsgreina voru mun neikvæðari en hinna þriggja hópanna var niðurstaðan að birta niðurstöðurnar í tvennu lagi því ekki var mögulegt að fá eina sameiginlega niðurstöðu úr svo sundurleitum gögnum. Dæmi um þetta er þegar listgreina- og starfsnámskennarahóparnir tveir gefa upp neikvæða afstöðu til yfirstjórnar, stefnu skólans, framtíðarsýnar og aðferða við ákvarðanatöku einungis með einkunn þá gefa hinir þrír hóparnir þessum lið mun hærri einkunn með rökstuðningi. Einkunnaskalinn sem stuðst er við er fjórskiptur þar sem A er hæsta einkunn og D er lægsta einkunn og flokkast þannig:

- A) Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega kröfum laga, reglugerða og aðalnámskrár.
- B) Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá.
- C) Uppfyllir lágmarksviðmið um verklag en margir þættir þarfnast úrbóta.
- D) Óviðunandi verklag, þarfnast gagngerrar endurskoðunar.

Niðurstaða Gát sf. er að það sé blendin afstaða starfsfólks til þessa þáttar. Að þessu sögðu mun skólinn eftir fremsta megni reyna að rýna í gögnin, lesa úr þeim merkingarbæra niðurstöðu og setja fram áætlun um umbætur.

Umbótaáætlunin tekur til eftirfarandi þátta:

1. Stjórnun og skipulag
2. Kennsla og námsframboð
3. Samskipti og líðan
4. Skólahúsnæði og aðbúnaður
5. Lykilárangur

1.1. *Blendin afstaða starfsmanna til yfirstjórnar, stefnu skólans, framtíðarsýnar og aðferða við ákvarðanatöku*

Greining

Þó afstaða starfsmanna sé blendin eins og kemur fram í sjálfsmati skólans þá kemur D eða lægsta einkunn aldrei fyrir hvað þetta varðar hjá rýnihópunum. Hins vegar kemur fram óryggi gagnvart nýju skipuriti og hvernig eftirfylgni með verklagsreglum er háttað. Einnig hefur stefna skólans ekki skilað sér skýrt til starfsfólks og svo gætir óryggis gagnvart stjórnendum hjá einhverjum starfsmönnum.

Aðgerð

Starfsfólk verður betur upplýst um stefnur og stöðu mála við innleiðingu breytinga á starfsmannafundum. Á vorönn var sú nýbreytni í upplýsingamálum að farið var að gefa út vikulega rafrænt upplýsingablað (Boðberinn) um það sem er á döfinni hverju sinn. Sérstaklega verður hugað að bættri upplýsingagjöf á starfsmannafundum.

Tímasetning

Eigi síðar en mars 2019 verði afstaða starfsmanna til yfirstjórnar, stefnu skólans, framtíðarsýnar og aðferða við ákvarðanatöku orðin mun minna blendin.

Mat á árangri

Gerðar verða viðhorfskannanir og samanburður niðurstaðan við eldri kannanir.

Ábyrgðaraðilar aðgerða

Yfirstjórn og gæðaráð.

Áætluð lok umbótaverkefnis

Umbótaverkefninu lýkur aldrei en á hverju vori verða gerðar viðhorfskannanir sem munu gefa vísbendingar um stöðu mála.

Viðmið um árangur að verki loknu

Viðmiðið er að allir starfsmenn séu meðvitaðir um stefnu skólans og sáttir við stefnu og stjórnendur.

1.2. *Starfslýsingar eru ekki aðgengilegar á heimasíðu, skortur er á upplýsingum um verka-skiptingu milli stjórnenda og annarra sem skilgreindir eru í skipuriti*

Greining

Starfslýsingar eru allar til staðar og sumar birtar eins og lög gera ráð fyrir. Allar starfslýsingar eru til í gæðaskjölum skólans. Unnið er að rafrænni útgáfu gæðahandbókar og stefnt að því að hún verði öllum aðgengileg í upphafi árs 2019.

Aðgerð

Gæðaráð og gæðastjóri vinna að endanlegri útgáfu gæðahandbókar Borgarholtsskóla

Tímasetning

Eigi síðar en 1. janúar 2019 verður gæðahandbók Borgarholtsskóla gerð aðgengileg á rafrænu formi á vef skólans.

Mat á árangri

Gætt verður að hvort ekki séu allar starfslýsingar aðgengilegar á vef skólans á vorönn 2019.

Ábyrgðaraðilar aðgerða

Yfirstjórn, gæðaráð og gæðastjóri.

Áætluð lok umbótaverkefnis

Umbótaverkefninu lýkur í janúar 2019.

Viðmið um árangur að verki loknu

Allar starfslýsingar við skólann verði aðgengilegar á vef skólans.

1.3. Skólaráð er jaðarsett í skipuriti skólans

Greining

Skólaráð hefur ekki komið saman um hríð en Gát sf telur mikilvægt að skólaráð starfi þrátt fyrir að reglugerð um skólaráð hafi verið afnumin. Þrátt fyrir að yfirstjórn skólans eigi reglulega fundi með ýmsum stjórnunarlegum hópum nemenda um heill nemenda og þróun skólastarfsins mun stjórn skólans auka á samráðið með virkni í skólaráði. Skólaráð er sýnilegt í skipuriti skólans og það verður blásið nýju lífi í það og skipað í það að nýju skv. framhaldsskólalögum en núverandi skólaráð hefur lítið starfað eftir að reglugerð um skólaráð var afskrifuð. Stefnt er að því að nýtt skólaráð verði skipað í upphafi vorannar 2019 og um leið verði skólaráði settar sérstakar starfsreglur.

Aðgerð

Skólaráð verður skipað frá og með byrjun vorannar 2019 eins og lög gera ráð fyrir.

Tímasetning

Skipun í skólaráð verði lokið fyrir 31. janúar 2019.

Mat á árangri

Gerð verður úttekt á skipan og virkni skólaráðs í mars 2019.

Ábyrgðaraðilar aðgerða

Yfirstjórn Borgarholtsskóla

Áætluð lok umbótaverkefnis

Mars 2019.

Viðmið um árangur að verki loknu

Í lok vorannar verður virkni skólaráðs könnuð.

2.1. *Samþykkt námsmatsstefna er ekki til staðar – nota skal leiðsagnarmat/símat en engar miðlæggar leiðbeiningar er að finna um framkvæmd þess*

Greining

Innleiðing á breyttri aðferðafræði námsmats við Borgarholtsskóla hefur verið í vinnslu hjá stjórnendum og kennurum frá hausti 2017. Allar hugmyndir og breytingar hafa fengið góða umfjöllun og kynningu áður en til breytinga kom. Fjölbreytt námsmat er í stefnuskrá skólans og þar er hvatt til notkunar á fjölbreyttum námsmatsaðferðum. Ábendingar Gát sf um að til verði sérstök námsmatsstefna við Borgarholtsskóla eru hins vegar góðra gjalda verðar.

Aðgerð

Kennarar undir stjórn sviðstjóra semja tillögur að námsmatsstefnu skólans – hver á sínu sviði.

Tímasetning

Eigi síðar en við lok vorannar 2019 verði tillögur um námsmatsstefnu teknar til umfjöllunar stjórnenda skólans.

Mat á árangri

Metið verður við lok vorannar 2019 hvort góð og gild námsmatsstefna verði búin að fá umfjöllun á kennarafund.

Ábyrgðaraðilar aðgerða

Yfirstjórn, millistjórnendur og kennarar.

Áætluð lok umbótaverkefnis

Umbótaverkefninu lýkur í júní 2019.

Viðmið um árangur að verki loknu

Árangur miðast við að kennarafundur hafi fjallað um og gefið umsögn um námsmatsstefnuna eigi síðar en í júní 2019 og í framhaldinu verður getið um námsmatsstefnuna í stefnuskrá skólans.

2.2. *Færri álíta að þeir geti haft umtalsverð áhrif á hvernig starfið er unnið*

Greining

Niðurstöður þessar eru fengnar frá Gallup könnuninni Stofnun ársins sem framkvæmd var á vorönn 2018. Stjórnendur Borgarholtsskóla hafa lagt sérstaka áherslu á breiða samstöðu um breytingar í skólastarfinu og að kennarar gætu fundið eignarhald sitt í breytingunum. Þess ber að geta að stuttu fyrir framkvæmd þessarar könnunar voru settar reglur um launalaus leyfi kennara og sérstakar verklagsreglur þar að lútandi sem gæti hafa haft áhrif á niðurstöðuna því lítið hefur breyst varðandi innihald og inntakið i kennslunni.

Aðgerð

Stjórnendur munu ekki leggja til neinar sérstakar aðgerðir í þessu sambandi aðrar en hvetja starfsfólk til þátttöku í ákvarðanaferli og ákvarðanatöku um málefni skólans.

Tímasetning

Engin.

Mat á árangri

Fylgst verður með niðurstöðum úr Gallup-könnunum Stofnun ársins á næstu árum.

Ábyrgðaraðilar aðgerða

Yfirstjórn.

Áætluð lok umbótaverkefnis

Umbótaverkefninu lýkur aldrei.

Viðmið um árangur að verki loknu

Stefnt er að því að þeim fækki sem telja sig ekki hafa aðkomu á framgang mála og hvernig starfið er unnið.

3.1. Kvíði er algengur meðal nemenda (eins og víðar í frh.skólum) – einelti fyrirfinnst í nemendahópnum – vinna frekar regla en undantekning meðal nemenda

Greining

Í viðhorfskönnun nemenda sem gerð var á haustdögum 2018 kemur fram að færri nemendur gefa það til kynna að þau séu haldin kvíða. En lág prósentutala er samt of há, það á engum að þurfa að líða illa vegna kvíða. Þetta er atriði sem alltaf er unnið í og fylgst er með framvindu með reglulegum könnunum á meðal nemenda.

Aðgerð

Auk sérstakrar áherslu í vinnu náms- og starfsráðgjafa í þágu nemenda við að auka vellíðan þeirra og greiningu á hvar einelti fyrirfinnst verður sérstök áhersla á að kenna nemendum íhugun. Stefnt er að því að kenna innhverfa íhugun á framhaldsskólabrautum skólans til að byrja með. Íhugunartími verður skilgreindur í stokkatöflu skólans fyrir hádegi dag hvern.

Tímasetning

Innleiðing innhverfar íhugunar hefst á vorönn 2019. Stefnt er að því að allir nemendur skólans hafi fengið leiðsögn í íhugun fyrir árið 2022.

Mat á árangri

Gerðar verða sérstakar skoðanir á breytingu á viðhorfum og líðan hjá nemendum á framhaldsskólabraut.

Ábyrgðaraðilar aðgerða

Yfirstjórn, millistjórnendur og kennarar.

Áætluð lok umbótaverkefnis

Umbótaverkefninu lýkur aldrei.

Viðmið um árangur að verki loknu

Fylgst verður sérstaklega með líðan nemenda og brotthvarfi nemenda úr námi en viðmiðið er að vellíðan aukist og brotthvarf minnki.

3.2. Nemendafélagi gengur illa að halda úti félagsstarfi (þrátt fyrir góðan stuðning) – skortur á góðri félagsaðstöðu – nemendahópurinn birtist ekki sem ein heild

Greining

Tregða til þátttöku í félagsstarfi meðal nemenda hefur lengi verið þekkt innan skólans. Það hefur skort viðunandi húsnæði til félagsstarfsins. Nemendafélagið var með aðstöðu á 1.hæð og þaðan var

starfið skipulagt. Sl. haust fluttist skrifstofa nemendafélagsins upp á 3.hæð og á haustönn 2018 hefur verið unnið að því að útbúa félagsaðstöðu fyrir nemendur á 1.hæð, nær aðalinngangi og matsal skólans. Það er þó ólíklegt að nemendahópur Borgarholtsskóla muni birtast sem ein heild vegna þess hversu nemendahópurinn er fjölpættur; nemendur eru á ýmsum aldri og ólíkri félagslegri stöðu. Boðið er fram nám á 23 námslínum og eru nemendur á aldrinum 16 – 68 ára. Um 230 nemendur eru í dreifnámi, flestir fullorðnir, og koma þeir einungis í skólann þrjár helgar á önn.

Aðgerð

Aukin kraftur hefur verið settur í nýnemaballið sem fer fram snemma á hverju skólaári og sl. haust var gerð tilraun með sameiginlegu nýnemaballi þriggja framhaldsskóla og var uppselt. Þessi tilraun tókst það vel að sami háttur verður hafður á að ári. Unnið er að innréttingu aðstöðu fyrir félagsstarf nemenda í hjarta skólans milli inngangs og mötuneytis þar sem nemendum gefst færi á afþreyingu.

Tímasetning

Lokið verður við að útbúa nýju félagsaðstöðuna á vorönn 2019.

Mat á árangri

Þátttaka nemenda í félagslífi og fjöldi viðburða.

Ábyrgðaraðilar aðgerða

Yfirstjórn, forvarna- og félagsmálateymi nemendafélagið.

Áætluð lok umbótaverkefnis

Umbótaverkefninu lýkur í júní 2019 en verður sífelld endurmetið.

Viðmið um árangur að verki loknu

Árangur verður metinn eftir fjölda viðburða á skólaári og þátttöku nemenda

4.1. Minnkandi ánægja með tölvu og tækjabúnað

Greining

Um það leyti er ytri úttekt á starfsemi Borgarholtsskóla fór fram, stóðu yfir umfangsmiklar skipulagsbreytingar á öllu utanumhaldi tölvu og netsamskipta í skólanum. Allri þjónustu við tölvunotendur var „úthýst“ þ.e. öll þjónusta við notendur var keypt af aðilum utan skólans í kjölfar örútbóðs Ríkiskaupa. Breytingarnar eru gríðarlega miklar og miða að því að treysta netöryggið og hraða þjónustu við kennara. Það mun taka nokkurn tíma fyrir starfsfólk að aðlagast nýju þjónustuumhverfi. Það er mjög eðlilegt að óöryggi komi fram meðal starfsfólks meðan á breytingunum stendur.

Aðgerð

Áfram verður unnið að því að treysta þjónustu við nemendur og starfsfólk og tryggja rekstraröryggi tölvukerfis skólans. Búið er að endurnýja allar ljósritunarvélar og prentara í skólanum. Haustið 2018 voru gerðar verulegar endurbætur á tölvustofu verknáms. Unnið hefur verið að endurbótum á Mac-tölvukerfi skólans. Keyptur hefur verið nýr tölvubúnaður til notkunar fyrir nemendur á sérnámsbraut.

Tímasetning

Verkefnið er ótímabundið en sífelld endurnýjun er í gangi.

Mat á árangri

Viðhorfskannarnir meðal starfsfólks sem gerðar eru árlega mæla þennan þátt.

Ábyrgðaraðilar aðgerða

Yfirstjórn og sviðstjórar.

Áætluð lok umbótaverkefnis

Umbótaverkefninu lýkur aldrei og árangur er mældur árlega.

Viðmið um árangur að verki loknu

Viðmiðin eru að notendur verði sáttir með þau tæki og tölvur sem til notkunar eru.

4.2. Minni ánægja með vinnuaðstöðu, þ.e. vinnu og skrifstofurými

Greining

Með tilkomu nýs skipurits vorið 2017 var ráðist í miklar endurbætur á vinnuaðstöðu kennara sem enn voru í gangi þegar úttektaraðilar ræddu við starfsfólk. Má í þessu sambandi nefna algera umbyltingu á kaffistofum bíla og málms sem voru sameinaðar í eina bjarta og rúmgóða kaffistofu. Einnig var gerð gangskör i að bæta vinnuaðstöðu bóknámskennara á 3ju hæð og í framhaldinu tilkynnt um að dregið yrði um vinnupláss fyrir hvern og einn sem skapaði ónot hjá sumum. Allar þessar breytingar eru nú um garð gengnar.

Aðgerð

Sameina kaffi- og mataraðstöðu starfsfólks í bílum og málmi. Stórtiltekt á vinnuaðstöðu kennara í bóknámi, hillur settar á góðan stað og aðgengi að prentun og ljósritun bætt.

Tímasetning

Aðgerðum er lokið.

Mat á árangri

Árangur verður metinn í árlegri viðhorfskönnun meðal starfsfólks.

Ábyrgðaraðilar aðgerða

Yfirstjórn.

Áætluð lok umbótaverkefnis

Umbótaverkefninu er lokið.

Viðmið um árangur að verki loknu

Að auka ánægju starfsfólks með sitt vinnu- og starfsumhverfi.

5.1. Vantar upplýsingar um hvernig námið í skólanum nýtist nemendum að lokinni útskrift:

Greining

Hingað til hefur ekki verið gerð formleg skoðanakönnun eða rannsókn á því hvernig námið í skólanum hefur nýst útskrifuðum nemendum vegna umfangs slíkrar rannsóknar. Stjórnendur skólans hafa þó fullan hug á að skipa málum þannig að hægt verði að kalla fram þessar mikilvægu upplýsingar.

Aðgerð

Skólinn hefur þegar leitað til háskóla um að fá nemendur í meistaranámi til að gera rannsókn á afdrifum nemenda sem hafa brautskráðst frá skólanum.

Tímasetning

Unnið verður að innleiðingu rannsóknarverkefnis á skólaárinu 2018/2019.

Mat á árangri

Árangur verður metinn í júní 2019 á hvernig til hefur tekist með að innleiða matskerfi og mat lagt á gæði niðurstaðnanna sem fást.

Ábyrgðaraðilar aðgerða

Yfirstjórn og gæðastjóri.

Áætluð lok umbótaverkefnis

Umbótaverkefninu lýkur í júní 2019 en þá á verklag við að ná í þessar upplýsingar að vera tilbúið.

Viðmið um árangur að verki loknu

Árangur miðast við að til verði verklag og verkfæri til að meta afdrif brautskráðra nemenda með hæfilegu millibili. Viðmiðið er að mælingin gefi stjórnendum glögga mynd af árangri brautskráðra nemenda miðað við væntingar.